# ✉️ Re: 23031365 - Fornahvarf 10. Umsagnarbeiðni.

| | |
|---|---|
| Búið til | 9.6.2023 13:04:38 |
| Höfundur | Snorri Sigurðsson |
| Sent | 9.6.2023 13:04:37 |
| Tilheyrir | 202305-0018 - Fornahvarf 10, Kópavogur. Umsagnarbeiðni. |

## Efni

| |
|---|
| Re: 23031365 - Fornahvarf 10. Umsagnarbeiðni. |

## Upplýsingar / Vinnsla

| Upplýsingar | | Vinnsla | |
|---|---|---|---|
| Sent | 9.6.2023 13:04:37 | Staða | Innflutt |
| Eigandi | | Tímamörk | |
| Skjalalykill | 42.3 Umsagnir um skipulagstillögur | | |
| Lykilorð | | | |

## Þátttakendur

| | |
|---|---|
| Frá | Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is) |
| Til | karlottah@kopavogur.is, Skipulag@kopavogur.is |
| Bcc | Anna.Sveinsdottir@ni.is |

## Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202305-0018.

Vísað er í tölvubréf frá skipulagsdeild Kópavogsbæjar, dags. 5. maí 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um veitingu byggingarleyfis á lóðinni Fornahvarf 10.
Lóðin er að stórum hluta staðsett innan afmörkunar svæðis á núgildandi náttúruminjaskrá, C-hluta, en það er svæðið “Elliðaárdalur”. Á þessum hluta svæðisins eru það einkum Elliðaár og nánasta umhverfi hennar sem fellur undir afmörkunina. Það eru því fyrst og fremst áhrif áætlaðrar uppbyggingar á Elliðaárnar sem huga þarf að, sem og annað lífríki/náttúrufar eins og við á.

Stefnt er að töluverðri aukningu/stækkun á byggingum inni á lóðinni en byggingarmagn mun þrefaldast og m.a. nýjar byggingar rísa þar sem í dag er óbyggt svæði. Það á einkum við um vinnustofuna og stækkun íbúðarhússins til norðausturs, sem og tilfærsla/stækkun á bílastæði. Þessi nýja uppbygging mun fara fram á þegar röskuðum svæðum eða svæðum þar sem gróðurþekja er að hluta til manngerð (plöntuð tré t.d.) og verndargildi gróðurfars innan lóðar því ekki metið hátt.

Ekki er stefnt að neinni uppbyggingu í meiri nánd við Elliðaárnar en þau mannvirki sem þar eru í dag en bílastæðið mun færast eilítið nær ánni en þó vera fjær en aðkomuvegur er í dag. Ólíklegt er því að uppbyggingin muni hafa áhrif á árnar. Aukin umferð getur þó valdið truflun fyrir t.d. fuglalíf sem er töluvert við ánna og á votlendissvöðum vestan og austan við lóðina.

Umferð inn á svæðið mun væntanlega aukast bæði á framkvæmdatíma og væntanlega með auknum umsvifum. Tryggja þarf að aðstæður við efnisflutninga og þungaumferð skapi ekki neina hættu á að mengun berist í Elliðaárnar.

Ekki virðist fjallað um fráveitu eða hvort gera þurfi ráðstafanir í ljósi þess að sundlaug og heitur pottur verða byggð á svæðinu. Tryggja þarf að mengað eða of heitt vatn berist ekki í Elliðarárnar frá lóðinni.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,


Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection
.......................................................................................................
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8,  220 Garðabær.
Sími/Tel:  (354) 5 900 500.          www.ni.is (http://www.ni.is/)

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS


---

**From:** "Karlotta Helgadóttir" <karlottah@kopavogur.is>
**To:** "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
**CC:**
**Subject:** 23031365 - Fornahvarf 10. Umsagnarbeiðni.
**Date:** 5.5.2023 09:07:17

Góðan dag.

Meðfylgjandi er umsagnarbeiðni og hér er bein slóð á kynningargögnin:
https://www.kopavogur.is/is/ibuar/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu/fornahvarf-10
(https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.kopavogur.is%2Fis%2Fibuar%2Fskipulagsmal%2Fskipulag-i-kynningu%2Ffornahvarf-10&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7Cc830edb487e24bf1abe308db4d47e605%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638188744374830344%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=ufWtJfjfCVLJnmFcAIeceFP0GNsVJxdp3NtG0IdQIsU%3D&reserved=0)

Erindi þetta er aðeins sent rafrænt nema annars sé óskað.

Bestu kveðjur,


**Karlotta Helgadóttir**
Ritari skipulagsdeildar
Umhverfissvið | skipulagsdeild
441 0000 | karlottah@kopavogur.is (mailto:karlottah@kopavogur.is)

Digranesvegur 1 | 200 Kópavogur | Sími 441 0000



Fyrirvari/disclaimer (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.kopavogur.is%2Fis%2Fstjornsysla%2Ffyrir-starfsmenn%2Fdisclaimer&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7Cc830edb487e24bf1abe308db4d47e605%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638188744374830344%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=SzvaAlA9Ay3Qgu4e0aKa9ggVSrqoNrIMvQ8wgq1fzKQ%3D&reserved=0)